

# Vegasamgöngur og ferðaþjónusta til framtíðar

Samgönguþing Akureyri 19. nóvember 2015

Hreinn Haraldsson
vegamálastjóri

# Hlutverk vegakerfisins

- Vegakerfið er æðakerfi landsins í flutningum á fólki og vörum
- Á heimsvísu eru náin tengsl á milli ástands vegakerfis landa og hagvaxtar
- Margt er enn óunnið í uppbyggingu vegakerfisins hér á landi þegar litið er til framtíðar.
- Viðhald og þjónusta á vegakerfinu á hverjum tíma er ekki síst mikilvæg fyrir atvinnulífið, þ.á.m. ferðaþjónustuna.

# Hlutverk Vegagerðarinnar hvað varðar ferðaþjónustuna

## Meginhlutverk Vegagerðarinnar samkvæmt lögum:

- ✓ að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins
- ✓ að aðstoða ráðherra við stefnumótun og ákvarðanatöku í samgöngumálum

Hefur samkvæmt lögum ekkert afmarkað hlutverk varðandi ferðaþjónustu en allt hlýtur þetta þó að tengjast þeirri atvinnugrein mjög náið.

## Lög um samgönguáætlun:

- ✓ Ráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun þar sem mörkuð skal stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu 12 árin. **Jafnframt skal m.a. meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur.**

# Vegagerðin og ferðaþjónustan - helstu styrkleikar miðað við stöðuna í dag

- Lög um samgönguáætlun gera ráð fyrir að tekið sé tillit til þarfa ferðaþjónustunnar við stefnumótun í samgöngumálum. Við endurskoðun á fjögurra ára fresti hefur Samgönguráð fundað með landshlutasamtökum sveitarfélaga um allt land og með Samtökum atvinnulífsins, þ.á.m. SAF, og m.a. kallað sérstaklega eftir áherslum sem varða ferðaþjónustuna.
- Náin tengsl Vegagerðarinnar við notendur þjónustunnar almennt, þ.e. sveitarfélög, atvinnulíf og einstaklinga.
- Reglulegir fundir með aðilum úr ferðaþjónustunni til að hlusta eftir þeirra áherslum og skiptast á upplýsingum.
- Áhugi og skilningur innan stofnunarinnar á þörfum og óskum ferðaþjónustunnar.
- Svipuð markmið Vegagerðarinnar og ferðaþjónustunnar um greiðar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
- Þátttaka Vegagerðarinnar í fjölmörgum rannsókna- og úttektarverkefnum undanfarin ár, sem snerta ferðamál og ferðaþjónustu.

# Vegagerðin og ferðaþjónustan - helstu veikleikar miðað við stöðuna í dag

- Ekkert sérstakt tillit er tekið til ferðaþjónustunnar í verkefnaáætlun í nýframkvæmdum, þ.e. 4 ára samgönguáætlun, þar sem fjárveitingum er raðað niður á einstök verkefni og einstök ár.
- Engin sérstök ákvæði eru um að taka skuli tillit til þarfa ferðaþjónustunnar varðandi þjónustu og rekstur vegakerfisins, svo sem vetrarþjónustu.
- Vegagerðin hefur almennt haft litla aðkomu að stefnumótun og áætlanagerð í málefnum ferðaþjónustunnar.

# Hvar liggja tækifæri til að samþætta betur þróun vegakerfis og ferðaþjónustu til framtíðar?

- Sérmerktar fjárveitingar til endurbóta og uppbyggingar á einstökum ferðamannaleiðum og áningastöðum
- Setja fjármagn í bætta vetrarþjónustu að fjölsóttum ferðamannastöðum
- Samstarf um áningastaði og útskot við þjóðvegi
- Samvinna um vegvísun, merkingar, upplýsingagjöf á ferðamannastöðum og upplýsingar út á við um ástand vega, umferð og aðstæður
- Bæta samþættingu ferðamálaáætlunar og samgönguáætlunar
- Samræma þarf tillögur ferðaþjónustunnar um gerð vega á helstu ferðamannaleiðum og -svæðum

# Vegakerfi og ferðaþjónusta til framtíðar

- Kröfur til Vegagerðarinnar breytast samfara aukinni umferð ferðamanna.
- Verkefnin breytast að einhverju leyti – meiri umferð/meira viðhald, oft áhersla á endurbætur og þjónustu á öðrum leiðum en áður, meiri áhersla á vetrarþjónustu að ferðamannastöðum.
- Nýjum kröfum þarf að mæta með nýjum áherslum í vegamálum.
- Fyrst og fremst skortur á fjármagni sem gæti hamlað því að unnt verði að mæta nýjum kröfum.
- Einnig geta aðrir hagsmunir eins og áherslur í umhverfismálum haft áhrif á hvort unnt er að byggja eða endurbæta ferðamannaleiðir eða vegi að ferðamannastöðum, t.d. á hálendinu.

# Áherslur í samgönguáætlun 2015-2026

- Meta hvaða þætti samgöngukerfisins þurfi sérstaklega að efla m.t.t. ferðaþjónustu og kanna leiðir til fjármögnunar.
  - *Umferð ferðamanna hefur aukist verulega og mikilvægt að þessari aukningu sé mætt með viðeigandi samgöngubótum til að tryggja bæði öryggi vegfarenda og aðgengi að samgöngukerfinu*.
  - *Leitað verði leiða til að stuðla að bættu öryggi erlendra ferðamanna.*

- Ferðaþjónusta og fjöldi ferðamanna sem heimsækja landið skiptir miklu máli þegar skipuleggja þarf samgöngukerfið og þjónustuþörf. Þarfir ferðamanna eru töluvert aðrar en íbúa, þannig skiptir aðgengi að vinsælum ferðamannastöðum sem ekki varða daglegar þarfir íbúa vaxandi máli allt árið.

# Umferðaröryggi / upplýsingamál

- Slysum á erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mikið
  - *útafakstur á bundnum slitlögum í dreifbýli, oft vegna hraðaksturs eða skorts á athygli við aksturinn*
  - *óhöpp og bílveltur á malarvegum*
  - *slys vegna hálku og ísingar*
  - *slys við einbreiðar brýr (ekki bundið við erlenda ökumenn)*

- Móta þarf stefnu um notkun erlends texta á umferðarskiltum, þjónustu- og upplýsingaskiltum
- Mikilvægt að upplýsa erlenda ferðamenn um færð, ástand og veður, vindhviður og vatnavexti o.s.frv.
- Finna þarf leiðir til að koma í veg fyrir að ferðamenn aki upp á ófæra fjallvegi og þurfi björgunar við

# Umferð

- Mestur hluti vegakerfisins í dreifbýli er í raun vannýttur og ekki sérstök ástæða til að huga að bættu umferðarflæði á þeim vegum þótt ferðamönnum fjölgi umtalsvert.
- Vaxandi umferð kallar hins vegar á aukið viðhald og bætta þjónustu.
- Ekki síst á það við um ýmsa malarvegi, bæði á láglendi og hálendi, sem mikið eru notaðir af ferðamönnum og snýr bæði að öryggi og greiðfærni.
- Hraða þarf lögn bundins slitlags á malarvegi í landinu, óháð því hverjir nota þá.

# Hvað er að gerast í umferðinni?



# Hvað er að gerast í umferðinni?



# Hvað er að gerast í umferðinni?



# Hvað er að gerast í umferðinni



# Vetrarþjónusta

- Tengsl vegakerfis og ferðaþjónustu snýst ekki bara um nýja vegi.
- Kröfur um bætta vetrarþjónustu, snjómokstur og hálkuvarnir, aukast ár frá ári.
- Bæði frá íbúum og atvinnulífi.
- Miklar breytingar hafa orðið á þjónustunni undanfarna áratugi.
- **Líklega sýnir þessi þróun betur samspilið milli vegakerfis og atvinnulífs og breytingar í samfélaginu almennt, heldur en t.d. nýbygging vega.**
- Skoðum hvaða breytingar hafa orðið á því vegakerfi sem fær mestu þjónustuna, 5, 6 eða 7 daga þjónustu, á 46 ára tímabili:


Snjómokstur 1968
Lýsing á þjónustu
Þjónusta 7 daga í viku
Þjónusta 5 daga í viku
Aðrir þjóðvegir 2014
0 20 40 80 120 160
KM


Snjómokstur 1985
Lýsing á þjónustu
Þjónusta 7 daga í viku
Þjónusta 5 daga í viku
Aðrir þjóðvegir 2014
0
20
40
80
120
160
KM


Snjómokstur 1994
Lýsing á þjónustu
Þjónusta 7 daga í viku
Þjónusta 5 daga í viku
Aðrir þjóðvegir 2014
0 20 40 80 120 160
KM


Snjómokstur 2003
Lýsing á þjónustu
Þjónusta 7 daga í viku
Þjónusta 6 daga í viku
Þjónusta 5 daga í viku
Aðrir þjóðvegir 2014
0 20 40 80 120 160
KM



Snjómokstur 2013-2014
Lýsing á þjónustu
Þjónusta 7 daga í viku
Þjónusta 6 daga í viku
Þjónusta 5 daga í viku
Aðrir þjóðvegir 2014
0 20 40 80 120 160
KM



Snjómokstur 2014-2015
Lýsing á þjónustu
Þjónusta 7 daga í viku
Þjónusta 6 daga í viku
Þjónusta 5 daga í viku
Aðrir þjóðvegir 2014
0 20 40 80 120 160
KM


Fjöldi metra sem snjómokstur nær til í hverri viku
35.000.000
30.000.000
25.000.000
20.000.000
15.000.000
10.000.000
5.000.000
0
1968
1977
1985
1994
1999
2003
2006
2010
2013
2014

# Áningastaðir og upplýsingaskilti Vegagerðarinnar
















# Svæði – umhverfi - sérkenni



# Náttúran


Þórsmörk


Hengifoss


Ingólfur Arnarson
Landnáma segir um stöðu Ingólfs meðal landnámsmanna:
Ingólfr var frægastr allra landnámsmanna, því at hann kom hér at óbyggðu landi ok byggði fyrstr landit; gerðu þat aðrir landnámsmenn eptir hans dæmum.
Kona Ingólfs var Hallveig Fróðadóttir, systir Lofts hins gamla. Þorsteinn sonur þeirra lét setja þing á Kjalarnesi áður en alþingi var sett.
Ingólfshöfði
Ingólfshöfði er um 1200 m á lengd frá austri til vesturs og um 750 m á breidd frá norðri til suðurs. Hann rís hæst í 76 m yfir sjávarmál. Höfðinn er gróinn og þar er mikið fuglalíf. Meðal varpfugla eru langvía, álka, rita, lundi, fýll og skúmur. Einnig hafa fágætari tegundir búið sér varpstað þar svo sem stuttnefja, sjósvala og stormsvala.
Útræði var fyrrum frá Ingólfshöfða og aðrar nytjar svo sem fuglaveiðar og eggjataka. Árið 1912 var reist þar skipbrotsmannaskýli. Viti fyrir sjófarendur var byggður í Ingólfshöfða 1916 og annar veglegri 1946 og viti vegna flugumferðar 1974.
Sagnir herma að Ingólfur Arnarson hafi fundið vetrarhöfn fyrir skip sitt norðan við Ingólfshöfða og bundið það við Selaklett en höfðinn var þá aðeins landfastur að vestan.
Minnisvarði um Ingólf var reistur í höfðanum á 1100 ára afmæli byggðar á Íslandi, árið 1974. Það ár var höfðinn einnig friðlýstur.
Ingólfur Arnarson
Ingólfur's status amongst Iceland's settlers is described by the "Book of Settlement" as follows:
Ingólfur was the most famous of the original Icelandic settlers, because he [and his family] were first to come here and settle uninhabited territory. Other settlers did so according to his example.
Ingólfur's wife was named Hallveig Fróðadóttir. Their son Þorsteinn arranged for political assemblies (þing) to be held at Kjalarnes, just north of Reykjavík; these preceded the Alþingi, instituted for the entire island.
Ingólfshöfði headland
Rising 76 m above sea level at its highest point, Ingólfshöfði measures about 1200 m long from east to west and 750 m wide from north to south. It is grassy and has rich birdlife, with guillemots, razorbills, kittiwakes, puffins, fulmars, great skuas and additional species nesting there. Some less common species have nested here, including the generally arctic bird Brünnich's guillemot, as well as Leach's petrels and storm petrels.
In past centuries, Ingólfshöfði was used as a fishing base and for birdhunting and egg collecting. In 1912, a shelter was built for shipwreck victims, and a lighthouse was erected in 1916. This was replaced by a larger one in 1946, and an air traffic beacon was constructed in 1974.
According to popular tradition, Ingólfur Arnarson used the north side of Ingólfshöfði as the winter harbour for his ship, tying it to Selaklettur rock. At that time, the headland was connected to the mainland only on the west.
A monument to Ingólfur was erected on the headland upon the 1100th anniversary of Icelandic settlement in 1974, when the headland was also designated for conservation.
Lundi / Puffin

# Jarðfræðin


Ferðir á Vatnajökul
Travel across the Vatnajökull ice cap


KÖTLUGOS
Jarðfræði - Geology
Upplýsingar
Information


Jarðskjálftar á Suðurlandi
Earthquakes in South Iceland


Jarðskjálftar á Suðurlandi
Earthquakes in South Iceland

# Sagan


INGÓLFUR TÓK ÞAR LAND ER NÚ HEITIR INGÓLFSHÖFÐI
LANDNÁMABÓK
Landnámsmenn
The settlers


Þykkvabæjar-klaustur
Upplýsingar
Historical Notes
Historiske oplysninger
Historische Daten
Un peu d'histoire


Vesturósinn


Skagafjörður
SKÝRINGAR Reference

# Leiðsögn á hálendinu



# Vegir og vegmerkingar á Íslandi miðað við væntingar erlendra ferðamanna 1996-2015






Hjólreiðafólk við Lómagnúp.

# Mismunandi vegir og áningarstaðir við vegi miðað við væntingar erlendra ferðamanna 2015






Slitlagður vegur fyrir botni Eyjafjarðar.

# Erlendir ferðamenn sem nýttu sér áningarstaði við þjóðvegina sumur 1996, 2003 og 2015




# Tíðni á notkun áningarstaða meðal erlendra ferðamanna sumarið 2015






Útsýnið frá áningarstað nærri Snæfellsjökli.

# Þróun vegakerfis og ferðaþjónustu til framtíðar

VEGAGERÐIN

- Ein af aðal áherslum í stefnumótun ferðaþjónustu til framtíðar er að ferðamenn fari sem víðast um landið, ekki síst til að dreifa álagi.
- Góðar og öruggar samgöngur, ekki síst á landi, eru forsenda þess að svo megi verða.
- Uppbygging og þróun ferðaþjónustunnar byggir á því samgöngukerfi sem er til staðar hverju sinni
- Því er nauðsynlegt að þróa samgöngukerfið, ekki síst vegakerfið sem víða er fremur vanþróað, til að ferðaþjónustan geti þróast áfram eðlilega.

# Takk fyrir

20.11.2015

VEGAGERÐIN